



HAFNARFJÖRÐUR

21. maí 2013
Málsnr. 1305133

GRENNDARKYNNING

Stækkun íbúðarhúss á lóð nr. 16 við Smyrlahraun

Breytingin felst í að byggt verður til suðurs við íbúðarhús á lóð nr. 16 við Smyrlahraun.

Á 460. fundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 15. maí s.l. var eftirfarandi til umfjöllunar:

6 1305133 - Smyrlahraun 16, breyting

Gyða Björnsdóttir og Brynjar Viðarsson sækja 13.05.13 um leyfi fyrir viðbyggingu út í bakgarð, samkv. teikningum Sigríðar Ólafsdóttur dagsettar 09.05.13.

Niðurstaða fundar:

Skipulags- og byggingarfulltrúi sendir erindið í grenndarkynningu skv. 44. grein skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt er bent á meðfylgjandi athugasemdir við erindið.

Athugasemdir ef einhverjar eru skulu berast skipulags- og byggingarsviði Hafnarfjarðar, skriflega fyrir 19. júní n.k. Ef óskað er eftir nánari upplýsingum vinsamlegast hafið samband við skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðarbæjar.

Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal skipulagsnefnd láta fara fram grenndarkynningu.


Athugið:

Lögformlegur skilafrestur á athugasemdum er 4 vikur og eiga hagsmunaaðilar fullan rétt á að nýta sér hann. Á það er hins vegar bent að ef þeir sem fengið hafa bréf þetta senda inn samþykki sitt fyrr með því að skrifa uppá meðfylgjandi uppdætti, telst það einnig fullgilt. Umsækjandi getur þá fyrr fengið tilskilin leyfi til að hefja framkvæmdir.

f.h. Skipulags- og byggingarsviðs

Málfríður Kristjánsdóttir

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt
Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar
malfridur@hafnarfjordur.is

| | |
|---|------------------|
|  | Hafnarfjarðarbær |
| Innk: | 22.5.2013 |
| Málsnr: | 1305133 |
| Bréfal: | 5211 |